

Bolungarvíkurkaupstaður
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík

Reykjavík, 24.7.2023
UST202301-245/S.M.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 4. janúar 2023 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti á urðunarstað Bolungarvíkurkaupsstaðar þann 2. desember 2022. Þann 10. mars 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Heimilt er að taka á móti að hámarki 500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári sem og viðar – og garðaúrgangi til jarðgerðar. Jarðgerð fer ekki fram á urðunarstaðnum engu að síður er tekið á móti umtalsverðu magni af timbri – og garðaúrgangi sem ekki er heimild fyrir. **Rekstraraðili lagði fram tímalínu úrbóta vegna þessa fráviks þar sem ætlunin er að fjarlægja óæskilegan úrgang, kurla ólitað timbur, fara í lagfæringu á mön og frágangi yfirborðs ásamt afmörkun með girðingu og merkingu urðunarstaðar. Verklok áætluð sumarið 2023.**
2. **Gr. 4.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1 fyrir 1. Maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á skráningum fyrir árið 2021 voru ekki fullnægjandi þar sem skráningar vantaði fyrir tl. 2-11 í gr. 4.1. **Rekstraraðili skilaði inn skráningum fyrir framangreind atriði þann 10. mars 2023. Frávikinu telst því lokið.**
3. **Gr. 3.10 í starfsleyfi.** Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra. Ekki var um frágang að ræða á urðunarstaðnum. **Rekstraraðili lagði fram tímalínu úrbóta þar sem áætlað var að fara í frágang á mön og yfirborði. Verklok áætluð í sumarið 2023.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur